

Fundur Öldungadeildar L.Í. 5. des. 2018 haldinn að Hlíðarsmára 8.

Erindi flutti Páll Einarsson jarðeðlisfræðingur um efnið: **Öræfajökull og eldstöðvar undir Vatnajökli**

Formaður, Kristófer Þorleifsson, setti fund og bauð alla velkomna, en fundargestir voru með allra fjölmennasta móti eða 77 talsins.

Enginn collega hafði látist frá síðasta fundi.

K. Þ. kynnti stuttlega fyrirlesarann og gaf honum síðan orðið.

Páll kvað aðal viðfangsefni sitt vera aflfræði jarðskorpunnar eða jarðskjálfta og eldgos.

Ísland liggur á Evrasíuflekanum og Ameríkuflekanum sem færast hvor frá öðrum um 19 mm á ári. Í bilið fyllir möttulstrókur sem rís upp frá jarðarmiðju og er miðja hans undir vestanverðum Vatnajökli. Þessi strókur er hinn öflugasti á jörðinni en 10 aðrir minni eru á okkar plánetu. Ísland er eitt eldvirkasta svæði jarðar og má skilgreina 30 eldstöðvakerfi á landinu sem flest eru á eða í nálægð flekaskilanna. Elstu íslensku eldstöðina má finna í Skotlandi! 100 millj. ára gamlar ferskvatnsrækjur sem finnast á Íslandi (Þingvallavatni) og síðan beggja vegna Atlantshafs, en hvergi annars staðar. Þær eru til sanninda þessari staðhæfingu.

Öræfajökull er s. k. „innflekaeldstöð“ sem auðvelt er að fylgjast með, rís 3.5 sm/ári vegna minnkandi jökulfargs.

Fyrirlesari sýndi fjölda jarðskjálftarita frá ýmsum eldstöðvum, sem reyndust aðdragandi eldgosu. Miðbik 20. aldar var einn rólegasti eldgosatíminn hérlendis. Flest voru þessi gos frekar smá, en í kjölfar Öskjugoss og Surtseyjargoss hefur hver atburðurinn rekið annan, nú á ca tveggja ára fresti að jafnaði. Allar eldstöðvar sem hér er fjallað um og eru undir jökli geta valdið hamfaragösum. Grímsvötn og Bárðarbunga valda jökulhlaupi. Bárðarbunguaskjan seig um 65 m. í Holuhraunsgosinu sem þó kom upp all langt frá, merkileg lexía að mati fyrirlesara. Virkni í einni eldstöð virðist geta haft áhrif á aðra nærliggjandi og benti hann á að ekki er ýkja langt í stórvirkustu eldstöð landsins og benti á gos í Vatnaöldum árið 871, Veiðivatnagos 1477, og að Þjórsárhraunið mikla sé eignað Bárðarbungu. Þá benti hann á að mikið magn eitraðra gastegunda streymdi út í Holuhraunsgosinu sem olli gasmengun langt yfir heilsumörkum í þorpunum niðri á fjörðum og jafnvel komu krítiskir dagar í Reykjavík í þessu gosi. Vaxandi skjálftavirkni hefur verið í Bárðarbungu frá þessum atburðum.

Öræfajökull gaus miklu gjóskugosi árið 1362 (sprengigos) sem eyddi allri byggð í Litlahéraði og heitir sú byggð síðan Öræfi. Talið er að um svo kallað gusthlaup hafi verið að ræða, en ekki eru þó merki um að fólk hafi farist þegar rústir bæja hafa verið kannaðar og er því mögulegt að einhver aðdragandi hafi verið. Seinna gaus í Öræfajökli 1727, mun minna gos. Frá árinu 2016 er vaxandi og stöðug skjálftavirkni í Öræfajökli og samkvæmt gps-mælingum er fjallið að tútna út með vaxandi hraða. Vöktunar er sýnilega þörf.

Feikn góður rómur var gerður að fyrirlestri Páls. Sváraði hann greiðlega fjölmörgum spurningum áhugasamra fundarmanna. Formaður veitti honum viðurkenningarskjal að lokum auk bókgjafar.

Fundi slitið.

Jóhannes M. Gunnarsson

Ritari ÖLÍ